

| kvikmyndir | tíska | matur | fólk | stjörnuþá | heilsa | tónlist | tíðarandi |

**birta**  
» breytir til

*Indriði Guðmundsson*

**Leitar að  
réttu sniðinu**

**SJÓNVARPSDAGSKRÁIN**  
13. janúar – 19. janúar

**Electrolux**

Vandaður hvítur blástursofn með kjöthitamæli og klukku. Þýsk framleiðsla. Verð áður kr 69.900



Verð nú **39.900**

AFSLÁTTUR **34%**


**ZANUSSI**

Fjölkerfa blástursofn með kámfriú stáli. Air Control blásturstækni. Verð áður kr 59.900



Verð nú **44.900**

AFSLÁTTUR **35%**



Með kjöthita-mæli!



Verð nú **39.900**

AFSLÁTTUR **40%**



Snerti-takkar

**ZANUSSI**

Fimm hellu gasborð með wokhellu. Verð áður kr 52.500



Verð nú **44.900**

AFSLÁTTUR **34%**

**ZANUSSI**

Keramík helluborð með snerti-tökkum, barnalæsingu og High Light hraðhellum. Ein 23 cm hella. Verð áður kr 64.900



**Küppersbusch**

Fallegur háfur í stáli með gler-skyggni. 470 rúmmetra sogafköst og gott vinnuljós. Verð áður kr 49.900

**OKKAR ALBESTA**

# ÚTSALA

**ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR**



Verð nú **89.900**

AFSLÁTTUR **25%**



**Electrolux**

Stór kæli- og frystiskápur hlaðinn þægindum og tækninyjungum s.s. Quick Chill, Quick Freeze, Maxi skúffum og aðvörunarkerfi. HxBxD: 180x59,5x60 cm. Verð áður kr. 119.900



Verð nú **72.900**

AFSLÁTTUR **25%**



**Electrolux**

200 cm hárf kæli- og frystiskápur með 14% meira rými en áður. Vönduð innrétting og stafræn hitastýring. HxBxD: 200x59,5x61 cm. Verð áður kr. 99.900





# ZANUSSI

1000 sn. þvottavél með hraðvali, ullarkerfi og spamaðarvali. **A einkunn** fyrir þvottagæði og orkunýtni. Stór 33 cm hurð. Verð áður kr 54.900

Verð nú **34.900**

AFSLÁTTUR **36%**



Verð nú **52.900**

AFSLÁTTUR **28%**

# ZANUSSI

Barkalaus þurrkari með fullkomnum rakaskynjara og hljóðmerki í lok þurrks. Verð áður kr 73.500



Verð nú **149.900**

AFSLÁTTUR **50.000**



# AEG

Hljóðlátur vinnuþjarkur með **A orkunýtni** og **A þvottahæfni**. Sneritakkar og Sensor Logic þvottatækni sem skynjar óhreinindi og aðlagar þvottatíma, vatnsþörf og hitastig. Án toppplötu. Verð áður kr. 79.900

Verð nú **47.900**

AFSLÁTTUR **40%**

# TRISTAR

Örbylgjuofn digital 20 lítra 800W stálitaður. Verð áður kr 9.990



Verð nú **7.990**

AFSLÁTTUR **20%**



Verð nú **3.990**

AFSLÁTTUR **50%**

**6** FRÍTT ryksugu-pokar fylgja

# ufesa

1600W kraftmikil ryksuga með hraðastilli, stálröri og vönduðum ryksuguhaus. Verð áður kr 7.990



Verð nú **149.900**

AFSLÁTTUR **50.000**

# Electrolux

Ameríski draumurinn. Kalt vatn og klaki. Svæðisskipt kæligeymsla, stafræn hitastýring. HxB 176x90,5 cm Verð áður kr. 199.900



Verð nú **990**

AFSLÁTTUR **67%**

# TRISTAR

Stálbrauðrist eða kaffivél með hitakönnu í stáli. Verð áður kr 2.990/3.990



Verð nú **990**

AFSLÁTTUR **75%**

# Electrolux

Glæsileg 90 cm breið gaseldavél með **5 gashellum þ.á.m. WOK hellu**. Fjölkerfa 109 lítra blástursofn með grillteini og sjálfhreinisbúnaði. Forritanleg klukka. Flott stálhönnun með spegilgleri. Verð áður kr. 229.900

# SLÁNDI GÓÐ VERÐDAEMI

Brauðristar	990	Útvarpsverkjara-	
Kaffivélar	990	klukkur	990
Handþeytarar	990	Straujám	990
Samlokugrill	1.490	Hitablásarar	1.490
Safapressur	990	Borðviftur	1.990
Blandarar	1.990	Hárblásarar	690
Hraðsuðukönnur	990	Naglasnyrtitæki	990
Töfrasprotar	990	Baðvogir	990
Djúpst.pottar	3.990	Hárklippisett	990
Hrísgrjónapottar	2.990	Rakataeki	4.990
Eldhúsvogir	790	Hnökrarakvélar	490
Matvinnslutæki	1.990	Brauðvélar	6.990

# Rafha

Opið Virka daga 09-18 Laugardaga 10-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 [www.rafha.is](http://www.rafha.is)

# Útsala

10-31. janúar

Verð áður 13.900

**5.950**



Verð áður 19.990

**13.950**



Verð áður 5.990

**3.990**



Þvottavél m/þurrkara

**64.900**

Uppþvottavélar frá

**47.900**

Kæliskápar frá

**44.900**




Þvottavélar frá

**44.900**



Verð áður 7.990

**4.450**



Verð áður 2.590

**1.490**



Verð áður 4.450

**2.450**



**1.950**

Útiljós

Verð áður 2.990

**2.990**



Verð áður 8.490

**5.790**

**KOMINN  
AFTUR**

Ljós sýnishorn  
**15-80%**  
Afsláttur



Sambyggð eldavél,  
upþvottavél  
og gashelluborð

**119.900**

**PFAFF** · BORGARLJÓŠ

Grensásvegi 13 · 108 Reykjavík · Sími 414 0400 · www.pfaff.is





„Fólk á ekki lengur marga hluti sem er þeim einhvers virði. Fólk veit lítið sem ekkert um vöruna sem það kaupir og sá sem selur hana ekki heldur.“

### Petta helst

- 7 Föstudagurinn þrettándi
- 8 Tíðarandi
- 10 Tilfinningaþrungin brennsla Gunnu í Mammút
- 12 Sérstakt andrúmsloft í Engihjalla
- 14 Líklegar Óskarsverðlaunamyndir

### Viðtöl og greinar

- 16 Indriði Guðmundsson klæðskeri: Leitar að hinu fullkomna sniði
- 20 Skipt um lífsstarf

### Hann hún

- 22 Sveitalegt og gróft
- 28 Stíll stjarnanna
- 30 Skemmtilegast að kubba
- 32 Stjörnuhá
- 34 Hættu að reykja

### Í hverju blaði

- 38 Sudoku
- 40 Krossgáta
- 41 Dagskrá næstu viku

**birta** |

13. janúar - 19. janúar 2006 nr. 2

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar  
 RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir  
 steinunn@frettabladid.is  
 og Sigríður Björg Tómasdóttir  
 sigridur@frettabladid.is  
 ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir  
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:  
 Skaftahlíó 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000  
 DREIFING: Pósthúsió ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:  
 Laíla Awad / laíla@365.is  
 Söluþjóri 550 5848 / 824 2356  
 Ester Sigurðardóttir / ester@365.is  
 Sölufultrúi 550 5828 / 899 7600  
 Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is  
 Sölufultrúi 550 5811 / 821 7514  
 Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is  
 Sölufultrúi 550 5854 / 866 0796

UMBROT: 365 – prentmiðlar  
 Kristín Agnarsdóttir og Einar Elfi Magnússon  
 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
 FORSÍÐUMYND: Harí  
 NETFANG: birta@frettabladid.is  
 Birta er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.



Vel lesin!



59% 38% 24%\*

Lestur – konur 20-50 ára

## Mest lesna tímaritið

Lestur á tímaritinu Birtu mælist langmestur af öllum tímaritum landsins, skv. fjölmiðlakönnun Gallup. Skemmtileg efnistöð og öflug sjónvarpsdagskrá vinna saman við að skapa þessar miklu vinsældir. Ef þú vilt að fyrirtækið þitt sé sjáanlegt skaltu auglýsa þar sem birtan er mest og líklegast að flestir sjái auglýsinguna. **Komdu inn í Birtuna.**

**birta**

Auglýsingasími 550 5000

Birtu er dreift inn á 95.000 heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

\* Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup okt. 2005.



Texti: STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON Mynd: HEIÐA



## *Svartur köttur hleypur yfir götu*

Hjátrú fær uppreisn æru í dag, á sjálfum föstudeginum þrettánda janúar. Þeir sem eru á annað borð hjátrúarfullir verða það sem aldrei fyrr þennan dag og hinir gætu tekið upp á því verða það á þessum degi. Uppruni goðsagnarinnar um föstudaginn þrettánda má rekja til kristinnar trúar sem segir okkur að þrettán hafi verið samankomnir í síðustu kvöldmáltíðinni og svo var sjálfur Jesús Kristur krossfestur á föstudegi.

Í norrænni goðafræði má einnig finna tengingu við töluna þrettán. Loki var nefnilega þrettándi gesturinn í veislu í Valhöll og varð valdur þess að Höður drap Baldur óviljandi. Í hinum spænskumælandi heimi er þessi hjátrú bundin þriðjudegi.

Hvað er það sem gerir fólk hjátrúafullt? Af hverju boðar það til dæmis ógæfu í heil sjö ár að spegill brotni? Má ekki bara kaupa sér

nýjan og greiða sér upp á nýtt? Og af hverju eru allir svona hræddir við svarta ketti? Af hverju mega þeir ekki hlaupa yfir götuna eins og aðrir kettir? Raunin er sú fólk verður stressaðra ef það brýtur spegil eða sér svartan kött föstudaginn þrettánda en aðra daga ársins. Hvort um er að kenna duldum öflum eða hjátrú sem hrærir í viðkvæmu sálartetrinu verður hver og einn að ákveða fyrir sig

| heitt & kalt |

**SIXTÍS**  
Allt sem er í sixtís-stílnum er eldheitt núna. Allt frá förðun til fylgihluta. Kvenleg og falleg tíska með mikilli fjölbreytni.

**KÁPUR**  
Pröngar hnésíðar kápur eru heitar í tískulegum skilningi og líkamlegum. Klassískar fallegar kápur sem ganga bæði við sparidressið og hversdagslegri tækifæri eru málið í dag.

**HEILSUÁTAKIÐ**  
Vissulega eru allir komnir í átak núna. Jólasteikin að baki og nú skal henni brennt á hlaupabrettum og í æfingasölum. Janúaræðið í heilsuræktinni er þó oftar en ekki heilsuþóla sem springur. Ekki gefast upp allir, haldið áfram að pumpa.

**VIDEOTÆKI**  
Já nú eru þau að syngja sitt allra síðasta. DVD og digital og netið og allt það hefur unnið baráttuna og vídeóið er deyjandi form. Allavega er ekki ráðlegt að kaupa videotæki á digital öld.

**VEÐRIÐ**  
Gæti það verið ömurlegra? Nei! Snjór, slydda og rigning á hlið er að gera út af við léttu lund landans. Enda er erfitt að halda brosinu þegar maður þarf annaðhvort að skrapa ísingu af bílnum eða er stöðugt blautur á tánum.

» Páskafrí

*Þrír mánuðir og einn dagur*

Já, þeir voru ekki margir frídagarnir sem vinnumaurum gáfust um hátíðarnar sem liðu hratt í neyslunnar skaut. Flestir hafa laumast til að kíkja á dagatalið til að sjá hve langt sé til páska, en þá fyrst koma á dagatalið rauðu dagarnir sem við unnum svo heitt, en ekki fyrr en eftir þrjá mánuði og einn dag. Samt er ekki seinna að vænna að plana páskafríð. Ekki viltu að Lúlli lati á básnum við hliðina á þér verði á undan að taka þá fáu aukafrídaga sem eru í boði fyrir starfsfólki á þessum tíma. Þegar það er afgreitt hringir þú í ferðaskrifstofurnar og spáir í hvort þú farir til New York eða Taílands eða á skíði til Sviss. Eða hreinlega þakkar börnum, maka og krossgátu í skutbílinn og brunir í bústað með grilltöng í hönd.



» Janúar

*Tími hófsemi og sparnaðar*

Nú þegar jólabrjálæðið er yf-irstaðið hefur buddan lést svo um munar. Visa-reikningurinn er á næsta leiti og margir komnir með illt í maga. Því miður er útgjöldunum ekki alveg lokið þar sem útsölnurnar eru hafnar og margir sem afsaka frekari eyðslu með því að vera að gera svo afbragðsgóð kaup. Þá er nauðsynlegt að muna að janúar er tími sparnaðar og hófsemin í fyrirrúmi svo að fjölskyldan líði ekki skort þegar febrúar gengur í garð.



Námskeið

*Maður getur alltaf á sig blómum bætt*

Þegar nýtt ár gengur í garð fara margir að rækta líkamann. Ekki má þó gleyma að það þarf að rækta hugann líka. Skemmtilegt er að skrá sig í eitthvert námskeið til að læra eitthvað nýtt, tungumál, framandi matargerð, myndlist, sagnfræði eða bara hvað sem er. Það er alltaf gaman að læra eitthvað nýtt, alveg sama á hvaða aldri maður er því svo lengi lærir sem lifir.



» Menning

*Burt með efnishyggjuna*

Desembermánuður snýst sjaldnast um það að rækta huga og sál. Flestir eru á þönu í stressi í kappstömu neyslumhverfi þar sem allt snýst um innkaup í tímaþröng. Eyðslupinnar eru sárþreyttir og uppgæfnir ef gríðarlegri notkun kreditkorta og andleysi liggur yfir landi og þjóð. Nú er kominn tími til að rækta andann, reka efnishyggjuna á brott og hleypa ljúfum listum og menningu í lífið aftur. Leikarar, listamenn, tónlistarmenn og söngvarar bíða eftir því að þú kynnis þér hvað þeir eru að brasa þessa dagana, komir í heimsókn svo að þau geti auðgað anda þinn. Hvað er betra eftir stressstörn jóla-anna en að setjast niður og láta ljúfar listir fylla vitin?





# NÁMSKEIÐ

## Skrifstofufærni

Markmið námsins er að þátttakendur nái auknum árangri í lífi og starfi. Meðal þess sem fjallað verður um eru leiðir til að stjórna tíma sínum og verkefnum betur. Þátttakendur öðlast aukið sjálfstraust, áhrifameiri framkomu, þekkingu á streitu og áhrifum hennar.

### Námið skiptist í eftirfarandi hluta:

#### Skipulag vinnunnar

- Námskeiðsupphaf, liðsheild og tímastjórnun
- Verkefnavinna og vinnustellningar
- Markmiðasetning og skjalastjórnun

#### Samskipti og sjálfsstyrking

- Streita, kvíði, álag og siðfræði vinnustaðarins
- Að ná árangri og samskipti á vinnustað
- Framkoma og tjáning

#### Þjónusta

- Þjónusta og símsvörun

**Fyrir hverja:** Námið höfðar til skrifstofufólks á öllum aldri með ýmiss konar menntun og starfsreynslu.

#### Ávinningur þátttakenda og fyrirtækja er:

- Aukin árangur í lífi og starfi
- Betra skipulag og skilvirkni
- Betri hæfni í stjórnun á tímabjófum
- Aukið sjálfstraust, öryggi og áhrifameiri framkoma

**Verð:** 87.500 kr.

**Lengd:** 36 klst.

**Tímabil:** 25. janúar - 15. mars

**Vekjum athygli á því að þátttakendur geta sótt styrki til námsins hjá námssjóðum verkalyðs- og fagfélaga.**

Skráning og nánari upplýsingar á [www.img.is](http://www.img.is), [namskeid@img.is](mailto:namskeid@img.is) eða í síma 540 1000

## Tímasett námskeið

**Aukin hæfni í verkefnastjórnun** - námskeiðið er kennt á ensku 17. janúar kl. 13-18, 18.-19. janúar kl. 8:30-18

Verð: 92.000 kr.

Leiðbeinandi: Morten Fangel

#### Starfsmannasamtöl

25.-26. janúar kl. 9-12

Verð: 22.500 kr.

Leiðbeinandi: Halla Jónsdóttir

#### Tímastjórnun

2. febrúar kl. 8:30-12:30

Verð: 15.400 kr.

Leiðbeinandi: Sigurjón Þórðarson

#### Að stjórna jafningjum

8.-9. febrúar kl. 8:30-12:30

Verð: 29.500 kr.

Leiðbeinandi: Davíð Freyr Oddsson

#### Árangursstjórnun og mælingar

7.-8. febrúar kl. 8:30-12:30

Verð: 29.500 kr.

Leiðbeinendur: Símon Þorleifsson, Jenný Dögg Björgvinsdóttir og Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

#### Greining og lestur ársreikninga

13., 14. og 15. mars kl. 8:30-12:30

Verð: 44.500 kr.

Leiðbeinandi: Ester Hjartardóttir

#### Afstemmingar og lög um bókhald

28.- 29. mars kl. 8:30-12:30

Verð: 29.500 kr.

Leiðbeinandi: Ester Hjartardóttir

#### Stjórnun fyrir nýja stjórnendur

29.-30. mars og 5.-6. apríl kl. 8:30-12:30

Verð: 52.500 kr.

Leiðbeinendur: Vilmar Pétursson og Davíð Freyr Oddsson

#### Ævintýralegur árangur

6.-7. apríl, 2 dagar úti á landi

Verð: 150.000 kr.

Leiðbeinendur: Hákon Gunnarsson, Sigurjón Þórðarson, Jenný Dögg Björgvinsdóttir og Símon Þorleifsson



LJÓSMYND/STEFÁN KARLSSON



## brennslan mín ...

Guðrún Heiður Ísaksdóttir

# Tilfinningaþrungin brennsla

Guðrún Heiður Ísaksdóttir hefur verið að gera það gott með hljómsveit sinni Mammút á undanförunum misserum. Að hennar sögn er væntanleg plata með hljómsveitinni í mars. Segir Guðrún að hún hafi sett saman svolítið tilfinningaþrungna brennslu. „Þetta eru lög sem maður hlustaði á í ákveðnu ástandi og hvert lag vekur upp ákveðna tilfinningu.“ Guðrún segist jafnframt alltaf vera að finna sér eitthvað nýtt til þess að hlusta á. „Tónlistarsmekkurinn er alltaf að þróast en það er samt alltaf eitthvað svipað sem maður finnur.“

- |                 |  |
|-----------------|--|
| <b>TRACK 1</b>  | <b>GRY – PRINCESS CROCODILE</b><br>Einhver 50's stíll yfir þessu og mjög dularfullt. Kemur manni alltaf í stuð.  |
| <b>TRACK 2</b>  | <b>TELEVISION PERSONALITIES – LITTLE WORKS OF ARTS</b><br>Frábær hljómsveit og þetta lag sérstaklega. Alltaf gott að hlusta á það og minnir mig á góða tíma.                                       |
| <b>TRACK 3</b>  | <b>NEUTRAL MILK HOTEL – IN THE AEROPLANE OVER THE SEA</b><br>Frábær hljómsveit og sérstaklega þessi plata. Þetta lag minnir mig á góða og fallega manneskju.                                       |
| <b>TRACK 4</b>  | <b>MY BLOODY VALENTINE – WHEN YOU SLEEP</b><br>Voðalega erfitt að velja eitt lag af plötunni sem þetta lag er á, Loveless. Það er samt eitthvað sérstakt við þetta lag.                            |
| <b>TRACK 5</b>  | <b>LEE HAZLEWOOD – FOR ONE MOMENT</b><br>Tónlistin hans Lee er falleg en samt eitthvað svo aulaleg. Hún passar við allar tilfinningar, fær mann til að brosa en kemur manni líka til að gráta.     |
| <b>TRACK 6</b>  | <b>THE UNICORNS – CHILD STAR</b><br>Aularokk en samt svo töff. Fær mann til að hlæja   |
| <b>TRACK 7</b>  | <b>DON MCLEAN – CROSSROADS</b><br>Það er fullt af minningum tengt við þetta lag. Það er bara fallegt.  |
| <b>TRACK 8</b>  | <b>TALKING HEADS – CROSSEYED AND PAINLESS</b><br>Brian Eno, sem pródueraði þetta lag og margt fleira með Talking Heads, finnst mér algjör snillingur. Alveg ótrúlega kúl og sérstaklega þetta lag. |
| <b>TRACK 9</b>  | <b>DEVENDRA BANHART – NOAH</b><br>Svo vinalagt lag, einhvern veginn allir saman í góðu skapi.  |
| <b>TRACK 10</b> | <b>DAVID BOWIE – STAR MAN</b><br>Bowie hefur lengi verið í uppáhaldi og þetta er uppáhaldslagið mitt með honum. Ég veit ekki aftverju, það er bara eitthvað við það.                               |

## » birta mælir með...

### ... PLÖTUNNI IN CASE WE DIE MEÐ ARCHITECTURE IN HELSINKI

Sannkallaðir stuðboltar, alla leið frá Ástralíu og skarta frumlegu og skemmtilegu nafni. Spiluðu á síðustu Airwaves og voru af mörgum talin hápunktur hátíðarinnar. Fjölmennt hljómsveit sem hefur afar fjölbreyttan hljóðheim og gefur hljómsveitinni þannig ákaflega sterkan persónuleika. Spila massafint gleðipop með oft alvarlegum meiningum. Gamanið og fjörið er þó aldrei langt undan sem gerir plötuna að einum eigulegasta grip sem tónlistarárið 2005 gaf af sér.



**...NÝJA TRIVIAL SPILINU** Trivial Pursuit er spil sem alltaf stendur fyrir sínu. Fyrir jólin kom út tutugu ára afmælisútgáfa spilsins og láta spurningafíklar vel af henni. Spurningarnar eru hafa verið færðar nær nútímanum, til dæmis hefur tölvuleikjum verið bætt við íþróttaliðinn og ættu allir að geta svarað einhverju rétt. Stórskemmtileg afþreying.

**NÝTT**

## Sérhannaður jakki fyrir Ipod

Alltaf eru að bætast við ný tæki og tól sem tengjast Ipod spilaranum vinsæla. Nýjasta viðbótin við þessa miklu flóru er jakki sem er sérstaklega gerður með Ipod-spilun í huga, en hann var framleiddur af Kempo í samstarfi við Apple. Jakkin er þannig gerður að innan í honum er sérstakt hölf sem Ipodinn er settur í og tengdur. Síðan er heyrnatóluum einfaldlega stungið í eyrun. Á ermum jakkans er lítið takkaborð þar sem hægt er að skipta um lag, hækka, lækka og fleira. Í jakkin þarf ekkert batterí og hann er vatnsþéttur auk þess sem bæði má setja hann í þvottavél og þurrkara. Þó er betra að vera búin/n að fjarlægja Ipodinn áður. Jakkin hentar fyrir allar venjulegar gerðir Ipada og Ipod Mini en þó ekki Ipod Nano. Fastlega má þó gera ráð fyrir að fjölbreytnin eigi eftir að aukast er fram líða stundir.





# Carmen

SÖNGLEIKUR BYGGÐUR Á ÓPERU EFTIR BIZET

*Framsýnt 14. janúar*



KB BANKI

BORGARLEIKHÚSÍÐ



Viðtal: GUNNÞÓRA GUNNARSDÓTTIR Mynd: GVA

# Skapar sérstakt andrúmsloft í Engihjalla

Hin Tælenska Prapasiri Sareekhad flutti hingað til lands fyrir ellefu árum og hefur nú sett upp tvær verslanir í Engihjalla 8 í Kópavogi með matvöru, gróf húsgögn og gjafavöru úr sínu heimalandi. Brosandi býður hún blaðamanni til sætis í sterklegum og þægilegum stólum úr tælenskum tekkviði og svo hefst spjallið.

VAR EKKI MIKIÐ ÁTAK AÐ KOMA UPP ÞESSUM VERSLUNUM?

Jú, en mig er búið að dreyma um þetta lengi. Bæði til að geta gefið Íslendingum kost á að eignast fallegar vörur frá Tælandi á góðu verði og til að hjálpa fólkinu í Tælandi að selja sína framleiðslu og skapa því þar með atvinnu og betri lífsskilyrði. Ég veit alveg hversu hörð lífsbaráttan er þar og fátæktin mikið vandamál. Svo er vaxandi eftirspurn eftir austurlenskum matvörum hér því íslensk matargerð er alltaf að verða alþjóðlegri með árunum.

HVERNIG GEKK AÐ FÁ FÉ TIL AÐ HRINDA REKSTRINUM AF STAÐ?

Það hefur auðvitað tekið sinn tíma. Ég hef bara reynt að spara af launum mínum. Fyrst vann ég í bakaríi í nokkur ár hjá Myllunni og síðar á elliheimilinu Droplaugarstöðum. Ég hef líka hagnast á því að kaupa og selja íbúðir og gat önglað saman nógu miklu til að stofna litla verslun sem ég hef átt í Hamraborg 14 a í Kópavogi og svo fékk ég góðan pening þegar ég seldi hana.

FLEIRI KYNSYSTUR ÞÍNAR FRÁ TÆLANDI ERU KOMNAR MEÐ BÚÐIR HÉR Í ÞESSARI VERSLUNARMIDSTÖÐ. ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ LEGGJA ALLT HÚSIÐ UNDIR YKKUR?

Það er rétt að tvær aðrar tælenskar konur hafa opnað búðir hér í Engihjallanum með fatnað, skartgrip og gjafavörur. Við köllum þetta Thai-City. Mér finnst skemmtilegt að stilla þessum búðum svona upp sam-

an. Það skapar sérstakt andrúmsloft og fólk veit þá hvert það á að fara þegar það vantar fallegar austurlenskar vörur. Það búa nokkuð margir Tæendingar hér í Engihjallanum og þeir hafa fylgst spenntir með þessari þróun. Staðurinn verður eins og nokkurs konar félagsmiðstöð fyrir bragðið. Vonandi setur einhver upp tælenskan veitingastað hér líka.

HVERNIG KOM ÞAÐ TIL AÐ ÞÚ FLUTTIR HINGAÐ TIL ÍSLANDS?

Ég frétti af þessu góða landi í gegnum vinkonu mína sem var komin hingað áður. Líf mitt var erfitt í Tælandi. Ég átti ótrúan eiginmann sem mér gekk illa að losna við, því þó hann væri með öðrum konum þá kom hann alltaf til mín á milli. Ég varð hreinlega að gera eitthvað rótækt og datt í hug að prófa að koma til Íslands og sé ekki eftir því. Hér líður mér mjög vel enda eru Íslendingar gott og heiðarlegt fólk og það skiptir mestu máli.

ÁTTU EINHVER BÖRN?

Já, ég á tvær dætur og þær komu líka hingað til Íslands sem betur fer. Önnur þeirra veiktist alvarlega og þegar til kom var hún með ónýt nýru en hin dóttir mín gat bjargað henni og gefið henni annað sitt.

ERTU BÚIN AÐ FINNA EINHVERN DRAUMAPRINS HÉR Á ÍSLANDI?

Nei, nei, ég er ein og það hentar mér ágætlega. Þá er enginn að ráða yfir manni. Ég vil nefnilega ráða mér sjálf!




# MIRALE

# ÚTSALA

# 10-70%

afsláttur

15% afsláttur  
af sérpöntuðum  
húsgögnum



húsgögn  
gjafavara  
ljós



ALESSI

MIRALE  
Grensásvegi 8  
108 Reykjavík  
sími: 517 1020

opið:  
mán. - föstud. 11-18  
laugard. 11-16

Mirale er eini  
viðurkenndi  
söluaðili Alessi  
og Cassina á  
Íslandi

[www.ru.is/simennt](http://www.ru.is/simennt)

# SÍMENNT HR

## Þarftu að bæta enskuna þína?

Símennt HR býður upp á fjölbreytt námskeið í ensku á vorönn 2006. Fjögur námskeið eru í boði þannig allir ættu að geta fundið námskeið við sitt hæfi:

### **Enska talmál**

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa almenna enskukunnáttu en vilja auka færni sína og orðaforða í daglegum samskiptum á ensku. Námskeiðið hefst 26. janúar.

### **Fjarnám í enskri ritun**

Námskeiðið er ætlað þeim sem þurfa að bæta sig í formlegri notkun ritunar á ensku og vilja haga sínum námstíma eftir eigin höfði. Námskeiðið hefst 1. febrúar.

### **Enska - framkoma og fyrirlestrar**

Námskeiðið er ætlað þeim sem halda fyrirlestra og taka þátt í umræðum á ensku. Námskeiðið hefst 20. mars.

### **Viðskiptaenska**

Námskeiðið er ætlað þeim sem eiga í erlendum samskiptum á ensku og þá sem hafa áhuga á að bæta enskukunnáttu sína til að nota í viðskiptum og daglegu tali. Námskeiðið hefst 23. mars.



Leiðbeinandi:

Erlendína Kristjánsson, lögfræðingur og M.Paed. og starfar sem aðjúntk í viðskipta- og lagaensku við HR.

Upplýsingar og skráning:  
Charlotta Karlsdóttir  
Sími: 599 6258  
Charlotta@ru.is  
[www.ru.is/simennt](http://www.ru.is/simennt)



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

# Hverjir eru líklegastir til að fá Óskarinn?

Tilnefningar til Óskarsverðlaunanna verða tilkynntar í lok mánaðarins. Nú þegar eru línur byrjaðar að skýrast um hverjir og hvaða myndir þykja líklegastar til þess að hreppa hnosið.

Þegar byrjað er að spá fyrir um Óskarsverðlaun er alltaf byrjað á að líta til Golden Globe verðlaunanna. Mikil fylgni hefur verið á milli þessara tveggja verðlauna en þó ekki alger. Í ár er alveg ljóst að ein mynd þykir líklegust að verða valin besta myndin, bæði á Golden Globe og á Óskarnum. Það er mynd kínverska leikstjórans Ang Lee, *Brokeback Mountain*, sem fjallar um samkynhneigða kúreka í hinum harða heimi villta vestursins. Vissulega skotheld formúla að farsælli Óskarverðlaunamynd. Aðalleikarar myndarinnar, Heath Ledger og Jake Gyllenhaal, þykja mjög líklegir til afreka og nær bókað mál er að þeir muni báðir fá tilnefningu.

Þær myndir sem taldar eru að muni veita *Brokeback Mountain* mestu samkeppnina eru sannsögulegu myndirnar *Walk the Line* um Johnny Cash og Capote um rithöfundinn Truman Capote. Joaquin Phoenix sem sjálfur Cash og Reese Witherspoon sem June, kona Cash, þykja bæði nær örugg um Óskarstilnefningu.

Capote er hins vegar sú mynd sem hefur verið að fá mestu athygli gagnrýnenda að undan-

förnu. Philip Seymour Hoffman þykir einstaklega góður í titillutverkinu og líklegast þykir að hann, Phoenix og Ledger keppi um sjálfan óskarinn. Þjóðerni Ledger, sem er ástralskur, gæti hins vegar komið niður á honum þar sem akademían er fræg fyrir að verðlauna sanna Bandaríkjamenn fram yfir aðra.

George Clooney gæti komið vel út úr hátíðinni. Myndin *Good Night, and Good Luck*, sem hann leikstýrir, skrifar handritið að og framleiðir, er mjög líkleg til þess að hljóta fjölda tilnefninga. Clooney gæti fengið tilnefningu fyrir bæði handritið og leikstjórn að þeirri mynd auk þess sem hann þykir líklegur til þess að hljóta tilnefningu fyrir leik sinn í myndinni *Syriana*. Annar ekki minni reynslubolti, sjálfur Woody Allen, fær einnig mjög líklega einhverjar tilnefningar fyrir mynd sína *Match Point*.

Myndir eins og *Crash*, *Cinderella Man* og *A History of Violence* eru allt myndir sem frumsýndar voru fyrr á síðastliðnu ári en gætu hæglega blandað sér í baráttuna. Aðrar myndir sem gætu komið á óvart eru til dæmis fjölskyldusagan *The Squid and the Whale* með Jeff Daniels og Lauru Linney í aðalhlutverki, gamanmyndin *The Producers* með Nathan Lane og Will Ferrell í aðalhlutverki, og jafnvel japansk/bandaríska myndin *Memoirs of a Geisha*. Hins vegar er mjög líklegt að myndir á borð við *Pride & Prejudice*, *Mr. Henderson Presents*, *North Country*, *Munich* og *The Constant Gardener* fái margar tilnefningar án þess þó að fá einn einasta óskar.

Það eru spennandi tímar framundan fyrir kvikmyndaáhugamenn og ekki síst héraendis, enda eiga kvikmyndaáhúsin hér á landi það til að dæla öllum þessu myndum inn þegar þær eru mikið í umræðunni vegna óskarverðlaunanna. Sannarlega kvikmyndaveisla í febrúar hér á landi. Verðlaunin sjálf verða svo afhent þann 5. mars.



Philip Seymour Hoffman þykir fara frábærlega með hlutverk rithöfundarins Trumans Capote í myndinni Capote



Sjarmörinn George Clooney gæti staðið uppi sem einn af sigurvegurum komandi Óskarsverðlaunahátíðar.



Scarlett Johansson þykir eiga óskarstilnefningu vísa fyrir leik sinn í nýjustu mynd Woody Allens, *Match Point*



Þeir Heath Ledger og Jake Gyllenhaal leika samkynhneigða kúreka í myndinni *Brokeback Mountain* og slík persónusköpun hefur alltaf þótt vænleg til vinsælda á Óskarnum.



Mynd um látna tónlistarmenn sem eru samtvinnaðir sögu Bandaríkjana er ætíð líkleg til þess að vekja lukku hjá hinni þjóðerniskennu óskarsakademíu eins og myndin *Ray* sannaði í fyrra.



Í BÍÓ

FRABÆR, RÓMANTÍSK GAMANMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM  
"BRIDGET JONES'S DIARY". BYGGÐ Á SÍGILDRI BÓK  
JANE AUSTEN, SEM KOMIÐ HEFUR ÚT Á ÍSLENSKU.

TILNEFND TIL TVEGGJA GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA.  
M.A. KEIRA KNIGHTLEY SEM BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

KEIRA KNIGHTLEY

MATTHEW MACFADYEN · BRENDA BLETHYN · DONALD SUTHERLAND · AND · JUDI DENCH

# PRIDE & PREJUDICE

HROKI & HLEYPIDÓMAR

TVEIR FYRIR EINN TILBOÐ Á SÉRSTAKAR FORSÝNINGAR Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI,  
14. – 15. JAN. KL. 9 FYRIR LESENDUR BIRTU GEGN FRAMVÍSUN ÞESSARAR AUGLÝSINGAR.

birta

KRINGLUNNI  
SAMBIÓ



# Leitar að hinu *fullkomna* sniði

Indriði Guðmundsson er klæðskeri af lífi og sál sem er í stanslausri leit að hinu rétta sniði. Hann tók á móti blaðamanni í verslun sinni á Skólavörðustígnum. Sérniðnar skyrtur, bindi og peysur lágu hljóðar í hillunum og hvergi var skakkan saum að sjá, hvorki á Indriða né á neinu öðru í búðinni. Við settumst niður við gluggann og horfðum á mannlíf bæjarins meðan við ræddum saman um lokusaum og keðju-spor, og annað í þeim dúr, og reyndum að komast að því hvort það séu fötin sem skapa manninn.



*„Það er mikilvægt að vera í góðum fötum. Óþægileg skyrta getur virkað eins og hælæri, það gengur allt verr.“*

Ég er úr miðbænum og hef næstum alltaf búið í honum,“ segir Indriði klæðskeri og horfir sáttur á umhverfið fyrir utan gluggann. „Ég fer helst ekkert út fyrir þetta svæði. Í morgun þurfti ég að hitta einn hönnuð sem er með vinnustofu í Grafarvoginum. Ég var búinn að kvíða þessu í marga daga enda vil ég helst ekkert fara úr miðbænum,“ segir Indriði sem slapp þó óskaddaður úr Grafarvoginum þrátt fyrir vantrú hans á út-hverfunum. Sjálfur hefur hann fest rötum í miðbæ Reykjavíkur. Hann er í sambúð og á litla dóttur.

Indriði lærði klæðskerann í lönskóla Reykjavíkur og útskrifaðist þaðan árið 1992, þá 26 ára gamall. Um skeið rak hann saumastofuna Sjö í höggi sem gerði meðal annars leikbúninga fyrir ballet og kvikmyndir ásamt því að vinna fyrir fatahönnuði. Samhliða rekstri stofunnar fór hann að kenna sniðagerð og klæðskurð í lönskólanum. Indriði vann svo meðal annars fyrir Spakmannsspjarir, Elm og Reykjavík Collection áður en hann opnaði sína eigin verslun sem selur fót, sniðin af Indriða.

„Eftir námið var ég svo heppinn að fá vinnu í síðustu almennilegu jakkafataverksmiðjunni á Íslandi sem þá hét Sólin. Þarna unnu klæðskerar og saumakonur sem voru búnir að vera í bransanum í þúsund ár,“ segir Indriði og brosir. „Ég gerði díl þar um að ég þyrfti ekkert að vinna fyrir mér. Ég var á fátæflegu lágum launum en fékk í staðinn að prófa öll störfin. Ég fékk að reyna fyrir mér í öllu en afkastaði hreinlega engu,“ segir Indriði og hlær. Með þessu móti náði Indriði sér í dýrmæta starfsreynslu þar sem hann lærði af þeim sem fyrir voru í faginu. Seinna segist hann hafa séð hversu mikilvægt það tækifæri var. „Núna er ekki hægt að fá vinnu hjá jafn reynslumiklu fólki. Það er engin keðja lengur.“ Ástæðuna fyrir því segir Indriði vera þá að fót verði sífellt verri og verri vera vegna þess að keðja kunnáttunnar sé rofin. „Fólk á ekki lengur marga hluti sem er þeim einhvers virði. Fólk veit lítið sem ekkert um vöruna sem það kaupir og sá sem selur hana ekki heldur,“ segir Indriði.

## BYR EKKI TIL VERSLUNARUPPLIFUN

Margir hafa rómað þægilega og persónulega þjónustu sem Indriði veitir í verslun sinni og margir upplifa ákveðna nostalgíu frá einfaldari tímum neyslusamfélagsins. Indriði þverneitar þó fyrir að leggja sérstaklega upp úr þjónustu og síður en svo segir hann þjónustu-


lundina vera honum eðlislæg. „Ég reyni að hugsa búðina sem stað fyrir fólk sem vill kaupa. Ef þig langar í góða skyrту þá er ég hér. Ég er auðvitað í bisset, ég þarf að borga af húsbreftunum,“ segir Indriði og brosir. „Ég bara treysti kúnnanum. Ég hanna ekki þjónustustigið, les ekki bækur sem segja að gott sé að ávarpa kúnnann tilteknum frasa eða horfa í augun á honum. Kúnninn er kominn til mín til að ná í eitthvað dót og það dót þarf bara að vera í lagi,“ segir Indriði sem oft lendir á spjalli við kúnnana sína um menn og málefni. „Mannfólkið þarf líka á grunnnum samskiptum að halda. Við erum í bílunum okkar að drekka kaffi sem við kaupum á bensínstöð, hlustum á álitsgjafana í útvarpinu og við hittum aldrei neina ókunnuga. En allir hafa þörf fyrir að hitta ókunnuga og spjalla og miðbærinn er kjörinn fyrir það. Ég bý ekki til neina verslunarupplifun. Ég er bara hér.“

## GÓÐUR ÞRÁÐUR GERIR GÓÐA SKYRTU

Indriði gerir skyrtusnið sem hann lætur sauma í Tyrklandi og eru skyrturnar saumaðar í sérhæfðum skyrтуvélum. „Ég hef það að markmiði að gera betri og betri fót. Ég er bara að gera mína útgáfu af einhverju sem er búið að búa til í mörg hundruð ár. Þetta er ekki hönnun sem slík,“ segir Indriði sem hefur sínar hugmyndir um hvernig fót eiga að vera. „Varðandi skyrturnar þá eru óteljandi lítil atriði sem ég legg upp úr. Ég vil miklu frekar að saumað sé með lokusaum og keðjuspori,“ segir Indriði og horfir rannsakandi yfir gleraugun til að sjá hvort blaðamaðurinn sé á réttu spori í saumaumræðunni. „Mínar skyrturnar verða að vera með lokusaumsaðferð og skyrtan þarf að endast vel. Á bak við hana er flókin vefnaður og í henni er góður þráður og það er mikilvægt.“

Indriði er búinn að sníða skyrturnar í tæp þrjú ár og er búinn að máta skyrturnar sínar á þúsundir manna og notar Indriði kúnnana sem tilraunadýr. „Ég panta inn nokkrum snum á ári og í hverri pöntun þá breyti ég sniðinu, pínu pínu lítið, til að það verði betra. Hver einasta flík sem ég sel verður á endanum að verða uppáhaldsflík mannsins.“

Að því sögðu þurfti Indriði að standa upp og sinna væntanlegum skyrtrueiganda sem rak nefið inn í búðina. Rómað samband viðskiptavinar og solumanns myndaðist fljótlega. Skyrturnar var dreift yfir borðið og meðan spáð var í þræði, liti og lögum skyrturna

A portrait of a man with short, light brown hair and glasses, wearing a dark suit jacket over a light-colored shirt and a pinkish-purple bow tie. He is looking directly at the camera with a neutral expression. The background is a solid, dark blue-grey color.

*„Hafi menn metnað  
þá náttúrlega kaup  
þeir bæði bindin til að  
lenda örugglega ekki í  
því að mæta einhverj-  
um öðrum með eins  
bindi, kannski einhverj-  
um sem þú fyrir lítur.“*

„Hver einasta flík sem ég sel verður á endanum að verða uppáhaldsflík mannsins.“



ræddu sölumaðurinn og viðskiptavinurinn um verðbólguna.

#### HIÐ FULLKOMNA SNIÐ

Nýlega tók Indriði niður galleríhorn, sem var í búðinni hans, til að rýma fyrir jakkafötum sem hann sneið og lét sauma í Tyrklandi. Líkt og með skyrturnar hefur Indriði ákveðnar skoðanir á hvernig jakkaföt eiga að vera. „Mér fannst vanta að jakkaföt komi með tvennum buxum. Maður slítur upp buxunum en það sést ekki á jakkanum,“ segir Indriði sem bætti um betur, lætur tvennar buxur fylgja og tryggir að jakkinn verði í standi meðan menn slíta út buxunum. „Svo nota ég viðskiptavininn sem tilraunadýr. Smám saman tek ég eftir því hverju þarf að breyta, hvernig mönnum líður í fötunum. Svo breyti ég sniðinu smám saman. Svo eftir svona fimmtíu ár þá verð ég kominn með fínt snið,“ segir Indriði og brosir. „Hið fullkomna snið. Enda á það að vera drifkrafturinn, að gera alltaf betur, ekki bara gera öðruvísi. Ekki bara gera eitthvað nýtt því við höldum að alþjóð sé orðin þreytt. Mig langar bara að gera fót fyrir alþjóðuna,“ segir Indriði og hlær.

Í verslun Indriða er einnig margt annað að finna en skyrturnar. Hann lætur vefa fyrir sig bindi, en aðeins tvö bindi úr hverri vefuppskrift. „Hafi menn metnað þá náttúrulega kaupa þeir bæði bindin til að lenda örugglega ekki í því að mæta einhverjum öðrum með eins bindi, kannski einhverjum sem þú fyrirleitur,“

segir Indriði og hlær. Svo tók hann lok af fallegu boxi sem í leyndust fallegar og marglitar silkislaufur. „Viðhorfið er víst að bara skrítnir menn gangi með slaufur,“ segir Indriði. „Og af því það er ekki mikill bíssness í að selja slaufur þá hefur enginn ánægju af því,“ bætti Indriði við og lokaði boxinu. „Svo læt ég vefa fyrir mig einlita trefla hjá Johnstons of Elgin sem eru búnir að vefa í sömu verksmiðjunni í 210 ár,“ segir Indriði. „Þegar röndóttu treflarnir hófu innreið sína var eins og öll þjóðin gerði samkomulag um að nú ættu allir að vera með röndóttu trefla. Þannig að ég keypti inn einlita trefla.“

#### VILL ÞRÍFA EIGIÐ KLÓSETT

Indriði selur vörurnar sínar einnig í Danmörku í lífsstílsbúð sem heitir Normann Copenhagen og hefur hann fengið jákvæð viðbrögð frá Danaveldi. Indriði segist vissulega vilja frægð og ríkið jafn mikið og næsti maður en segist smám saman hafa fundið út hver hann er og er sáttur við stöðu mála í dag. „Ég held ég verði alltaf með lítið fyrirtæki. Sjálfur vildi ég skipta við þannig fyrirtæki,“ segir Indriði. „Þegar fyrirtækið er orðið svo stórt að ég þríf ekki lengur klósettin sjálfur þá er eitthvað að. Þá er ég orðinn of stór,“ segir Indriði og hlær. „Mér líður eins og ég sé ekki í vinnunni og svo lengi sem sú tilfinning er ríkjandi þá heldur maður áfram.“

Indriði segist vera búinn að læra það að tækifærin séu alls staðar. „Manstu eftir Kenny

Rogers-laginu þar sem setningin „there´s someone for everyone“ kemur fyrir? Þetta er allveg rétt og gildir ekki bara um ástarsambönd. Á meðan einn maður er að hugsa um að leita að fjárfesta fyrir fyrirtækið sitt er einhver annar að hugsa um að fjárfesta í litlu fyrirtæki. Á meðan bandið er að æfa í bílskúrnum er útgefandi að leita að nýjasta sándinu. Það þarf bara að koma þessum hugmyndum, sem eru við hvor sinn endann á skalanum, saman.“

#### MAÐURINN SKAPAR FÖTIN

Indriði segist oft vera spurður að því hvort hann sé afturhaldssamur og ekki með á nótunum þar sem hann talar oft gegn tisku. Hann segir samt menn geta vel verið með á nótunum án þess að þurfa að ganga alla leið. „Þá verður allt svo einsleitt og afleiðingin verður að þú ert aldrei í þínu eigin skinni. Af hverju gengur til dæmis enginn lengur með nelliku í hnappagatinu?,“ segir Indriði og veltir fyrir sér hvað orðið hafi um vasaklúтана og hattana. „Það eru ekki fötin sem skapa manninn. Karlmennt verða að spá í hverjir þeir eru og hverju þeir vilja koma til skila,“ segir Indriði og bætir við að ákveðið karaktersleysi ríki í karltískunni í dag. „En það er mikilvægt að vera í góðum fötum. Óþægileg skyrta getur virkað eins og hælshári, það gengur allt verr. Fötin skapa þannig manninn að þú getur þótt vera einhver annar en þú ert. En það er maðurinn sem skapar fötin eftir sínum karakter.“





# Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi  
heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur  
sýningarsalur.



*Óteljandi möguleikar*

Mörkinni 1 108 Reykjavík  
sími 515 0700 [www.jke-design.is](http://www.jke-design.is)

# Skipt um lífsstarf

Það kostar áttak að gera róttækar breytingar á lífi sínu, fara í nám í nýrri grein eða skipta um starfsvettvang. Oft er það þó upphafið að einhverju spennandi og ánægjan í lífinu getur margfaldast. Birta ræddi við þrjá einstaklinga sem hafa söðlað um.

Texti: GUNNPÓRA GUNNARSDÓTTIR & EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR

## Húsasmiðurinn gerðist smíðakennari

**Einar Birgir Hauksson** er lærður húsasmiðameistari og rak eigið fyrirtæki ásamt félaganum sínum í fimmtán ár áður en hann ákvað að fara í Kennaraháskólann og taka kennsluréttindi. Nú starfar hann sem smíðakennari í Engjaskóla.

Einar byrjaði í smíðinni strax eftir grunnskóla og fór síðan í lónskólann og þaðan í meistaranám. „Ég starfaði við þetta alveg fram til 2002,“ segir Einar. Þá ákvað hann að skipta um starfsvettvang og byrjaði á því að fara í Kennaraháskólann og taka kennsluréttindi. „Upphaflega ætlaði ég að taka kennsluréttindi til þess að geta farið að kenna í framhaldsskóla. Ég byrjaði síðan á því að kenna í grunnskóla til þess að fá reynslu og mér finnst það svo rosalega gaman að ég er ekki viss um að ég fari neitt að kenna í framhaldsskóla,“ segir Einar.

Einar kennir börnum frá fyrsta bekk og upp í tíunda bekk smíðar. „Ég kenni stundum eitthvað annað í förföllum en annars kenni ég bara smíðar og valgreinar sem tengjast hönnun og smíði,“ segir hann. Einar segir að kennslan sé mjög gefandi og fjölbreytt þar sem hann er að kenna svo ólíkum aldurshópum. „Það er mjög gaman að fylgjast með því hvernig áherslurnar breytast eftir því sem krakkarnir eldast.“

Einar segir að það hafi verið mikil viðbrigði að skipta úr húsasmiðinni yfir í smíðakennsluna. „Þetta er bara allt allt annað. Það sem kom mér kannski mest á óvart fyrst var hvað starfið er krefjandi og hvað því fylgir mikið áreiti. Það voru kannski fimm að reyna að tala við mig í einu. En í dag er ég farinn að læra á þetta og finnst það bara skemmtilegt. Maður lærir á starfið og hvernig bregðast á við öllu sem kemur upp.“

Einar er mjög ánægður í nýja starfinu. „Ég hef ekkert hugsað mér að fara í smíðina aftur. Þó að smíði sé sennilega skemmtilegasta starf sem hægt er að hugsa sér er kennslan bara allt öðruvísi og mjög skemmtileg líka. Ég er samt alltaf smíður fyrst og fremst og ég hvet alla þá sem hafa gaman af því að vinna með höndunum að fara í smíði. Það er líka bráðnaútsynlegt fyrir alla að kunna ákveðin grunnatriði því þetta nýtist manni svo vel í lífinu,“ segir hann.



# Hætti í kennslu og fór í tannlækningar

**Friðgerður Samúelsdóttir** tannlæknir var komin á kaf í kennslu og átti tvo litla stráka þegar hún tók sig til og fór í tannlæknanám.

„Ég hafði alltaf haft áhuga á einhverju í heilbrigðisgeiranum og var einu sinni komin heim með umsóknareyðublöð fyrir hjúkrunarnám. Hætti svo við það og valdi tannlækninn,“ rifjar Friðgerður upp. Eftir stúdentspróf kveðst hún hafa farið að vinna sem ritari í forsætis- og menntamálaráðuneytinu en það starf hafi ekki verið til fram-búðar. „Á þessum tíma gat maður fengið kennararéttindi með því að fara eitt ár í Kennaraskólann eftir stúdentspróf, þannig að ég dreif mig í það og kenndi svo í sjö ár. Samt langaði mig ekki að verða gamall kennari,“ segir Friðgerður sem var rúmlega þritug þegar hér er

komið sögu. „Það voru bara teknir sex inn á hverju ári í tannlæknanámið og mér þótti gaman að takast á við það þótt það væri strembið. Viðveran var mikil í skólanum og ég var með tvo litla stráka á þessum tíma þannig að ég lagði heilmikið á mig en var svo heppin að eiga mann sem var stundum heima því hann er flugmaður. Annars er ég búin að gleyma hvernig í fjandanum ég fór að þessu en það bjargaðist allt. Ég var dálítið lengi í náminu og var að verða fertug þegar ég útskrifaðist sem tannlæknir og nú eru tuttugu og tvö ár síðan,“ segir hún geislandi ánægð í sínu starfi.



LJÓSMYND/HEIDA



LJÓSMYND/HEIDA

## Úr snyrtingunni í útivistina

**Rósa Halldórsdóttir** snyrtifræðingur starfaði lengi við sitt fag en útiveran freistaði svo hún gerðist bæði leiðsögumaður og ræktandi sleðahunda.

„Ég elska útivist og er hrifin hálandinu svo það hentaði mér ekki að vera heilu dagana inni í fárra fermetra rými,“ segir Rósa sem um margra ára skeið rak snyrtistofu á Garðatorgi. Hún dreif sig í leiðsögumannaskólann og hefur ferðast um landið undanfarin sumur sem leiðsögumaður. Nú starfar hún við sölu auglýsinga í Eiðfaxa enda er hún hestakona og svo fæst hún líka við hundarækt. „Ég er með fyrirtækið Heimskautaræktun og á fjóra sleðahunda af tegundinni Siberian Husky. Þeir eru afskaplega fallegir og með gott geðslag en þurfa mikla hreyfingu og það finnst mér ekki leiðinlegt!“ segir Rósa. Hún býr uppi á Vatnsenda og því stutt út í óbyggð svæði þar sem hún þjálfar hundana, hjólar með þá og hleypur eða lætur þá draga sig á

gönguskíðum þegar snjór er. „Ég á líka hundasleða og elti snjóinn,“ segir hún og bætir við hlæjandi: „Ef það sést einhver ínúitakerling hér uppi á heiði með sleðahunda þá er það ég!“ Rósa hefur verið beðin um hundana í auglýsingar og einnig hefur hún selt nokkra hvolpa en hún segir hundaræktina langt frá því að vera sitt lífbrauð. „Þetta er bara eitthvað sem ég hef gaman af og er alveg á móti mikilli hvolpaframleiðslu,“ segir Rósa sem er mjög hrifin af heimskautasvæðum og kveðst vera að gefast upp á snjóleysinu hér. „Ég er mikið að hugsa um að söðla aftur um og færa mig á norðlægari slóðir með meiri snjó,“ segir hún og bætir við í gríni: „Etli ég verði ekki bara að flytja til Grænlands!“



Umsjón: HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR Myndir: GUNNAR SVERRISSON

# Sveitalegt og gróft *matarmikið og hlýtt*

## Lambapottur með tímíanbollum [ Fyrir 6 ]

4 msk. ólífuolía  
2 laukar, saxaðir  
4 hvítlauxrif, söxuð  
2 cm ferskt engifer, saxað eða rífið  
1 ts. kanill  
1 ts. cúmín  
2 msk. hveiti  
1,2 kg lambakjöt að eigin vali, skorið í 2-3 cm bita  
4 gulrætur, í 2 cm bitum  
4 msk. tómátasta  
2 dl rauðvín  
1 l lamba- eða nautasöð  
2 msk. steinselja til skrauts, söxuð

Við eldamenskuna er best að nota pott sem má fara inn í ofn. Hitið ofn í 180 gráður. Mýkið laukinn í 2 msk af olíu. Þegar mjúkur, um 4 mínútur, bætið hvítlauk og engiferi á pönnuna og hrærið saman. Takið af pönnunni og geymið. Veltið kjötbitunum upp úr hveitinu og brúnið í 2 msk. af olíu. Hrærið laukblönduna saman við. Setjið gulrætur, tómátasta, rauðvín og kjötsoð í pottinn ásamt vatni þannig að fljóti yfir kjötið í pottinum. Komið upp súðu. Lokið pottinum með álpappír og komið í heitan ofninn. Látið malla þar í 90 mín. Ef ekki hægt að nota pottinn, setjið þá kjötið í hátt, ofnfast mót og farið eins að. Gerið tímíanbollur á meðan kjötið er í ofninum.

### TÍMÍANBOLLUR:

100 g hveiti  
2 ts. lyftiduft  
25 g mjúkt smjör  
1/2 laukur, fínt saxaður  
1 msk. þurrkað tímían  
2 msk. parmesanostur, rifinn  
salt og pipar eftir smekk  
2 msk. mjólk

Hrærið laukinn saman við þurrefnin. Hnoðið smjórið saman við og hellið mjólkinni út í. Hnoðið allt vel saman. Bætið vatni saman við ef vantar vökva svo deigið verði mjúkt. Mótið litlar bollur. Takið pottinn úr ofninum. Raðið bollunum ofan á. Setjið álpappír yfir og inn í ofn í 15-20 mín. eða þar til bollurnar eru bakaðar. Skreytið með steinselju. Berið fram. Óþarfi að hafa meðlæti en gott með kartöflum, kartöflustöppu, hrísgrjónum eða salati.

*Ótrúlega ljúffengt og þægilegt í matreiðslu. Þegar „potturinn“ fær að malla þetta lengi fær hann í sig einstakt bragð og kjötið verður mjög mjúkt. Bollurnar gera þetta enn betra. Kraftmikið og seðjandi. Ekki verða að eiga afgang daginn eftir.*





# islenskt.is ferskur vefur!

Á vefsíðunni islenskt.is finnurðu allt sem þú vilt vita um meðhöndlun og matreiðslu á okkar frábæra íslenska grænmeti. Leggðu vefslóðina á minnið því að hún er lykillinn að fjölmörgum gómsætum uppskriftum ásamt skemmtilegum greinum um hollustu og næringu. Auk þess sýnir grænmetisdagatalið hvenær hinar ýmsu tegundir standa til boða. Skráðu þig á póstlistann og fáðu sendar uppskriftir og gómsætan fróðleik um grænmeti.

**Velkomin í hollustuna!**

## Karamelluhúðaður eplabúðingur [ Fyrir 6 ]



Skemmtilega grófur búðingur sem á vel við þennan árstíma. Hægt að nota fleiri ávexti en epli. Ber og ýmislegt í bland á vel við. Það sem gerir þetta öðruvísi en aðrar eplakökur er að bakan verður stökk undir tönn með karamellubragði þar sem vökv-anum er helt yfir deigið.

5 epli, skorin í 1 cm þykkar sneiðar  
250 g hveiti  
2 msk. lyftiduft  
200 g flórsykur  
2 dl mjólk  
150 g smjör  
2 egg  
150 g muscovado-sykur eða ljós púðursykur  
3 dl vatn  
1 dl sýróp  
flórsykur til skrauts

Hitið ofn í 180 gráður. Smyrjið ofnfast mót. Raðið eplunum í botninn. Hrærið saman smjöri, flórsykri og eggi þar til ljóst og létt. Blandið saman hveiti og lyftidufti og hrærið saman við. Hellið yfir eplin. Komið upp suðu á muscovado- eða púðursykri, sýrópi og vatni. Látið sykurinn leysast upp. Hellið jafnt yfir yfir búðinginn og bakið í 30-35 mín. eða þar til toppurinn er gullinn og stökkur. Stráið flórsykri yfir og berið fram með þeyttum rjóma.





# Hugsaðu um hollustuna!

Ef þú vilt að hrökkbrauðið þitt sé hollt en líka sérlega bragðgott skaltu velja Burger hrökkbrauð. Í því er enginn viðbættur sykur og ekkert ger. Svo er bragðið er ómótstæðilegt. Það er engin tilviljun að Burger er mest selda hrökkbrauðið á Íslandi.

# Famous Grouse:


## Rjúpan fræga þekkt fyrir gæði

Fyrr á öldum bar viskí gjarnan nafn þeirrar kráar eða verslunar sem seldi það og í mörgum tilfellum nefndi verslunar-/kráareigandinn viskíið sjálfur. Það var árið 1842, þegar Viktoría Bretadrottning heimsótti bæinn Perth, að Matthew Gloag var fenginn til þess að útvega veitingar fyrir hið konunglega boð sem haldið var drottningunni til heiðurs. Þannig hófst saga hinnar frægu rjúpu. Upphaflega var tegundin nefnd The Grouse Brand en að veisl-

unni lokinni urðu gæði hins „gullna drykkjar“ gjörkunn um allar sveitir undir nafninu The Famous Grouse. Allar götur síðan hefur hið mjúka bragð Famous Grouse verið rómað og það er nú eitt mest selda viskí á Íslandi. Fátt hressir meira að loknum vel heppnuðum degi en Famous Grouse. Flestir njóta þess á klaka. Svo þykir öðrum best að bæta örlitlu vatni saman við. Enn aðrir kjósa að hafa það ókælt og óblandað. Hvað finnst þér?



Verð í Vínbúðum  
1.950 kr. í 35cl flösku  
3.590 kr. í 70cl flösku  
5.050 kr. í 1 lítra flösku



Perlan

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.  
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

# ALLT Í STEIK

12. janúar - 22. febrúar



3ja rétta matseðill

Verð frá **3.990 kr.**

Hægt er að panta nautalund Bernaise,  
lambafillet Bernaise, grisasteik eða kjúkling.  
Vínkynning frá Sensi Toscana frá Ítalíu og Pouilly Fuissé

Borðapantanir í síma 562 0200

*Food & Fun*

22. febrúar - 25. febrúar

Nú fer fimmta árlega Food & Fun keppnin að hefjast!  
Pantið borð með góðum fyrirvara á þessa árlegu matreiðsluhátíð.

Nánari upplýsingar á: [www.foodandfun.is](http://www.foodandfun.is)

Sjávarréttahlaðborðið 9. mars - 12. mars

Sjávarréttahlaðborð Perlunnar matreiðslumeistarar Perlunnar  
er einstakt tækifæri til að upplifa útbúa yfir 30 tegundir heitra  
nyjungar í matargerð ólíklegustu og kaldra fiskrétta. Hér finna  
fisktegunda. Margverðlaunaðir allir eitthvað við sitt hæfi.

Hringbrot



Veitingahúsið Perlan - S: 562 0200 - Fax: 562 0207 - Netfang: [perlan@perlan.is](mailto:perlan@perlan.is) - Heimasíða: [www.perlan.is](http://www.perlan.is)





# Klassískt & klæðilegt

Þó stjórnurnar séu bæði ríkari og frægari en við flest er ekki þar með sagt að við getum verið jafn glæsileg. Oft eru ódýrari föt engu verri en þau dýrari og skiptir þá mestu að hafa augun opin þegar farið er í búðaráp.

Cameron Ziaz hefur löngum þótt bæði smekkleg og glæsileg í klæðnaði. Stíllinn hennar er hefðbundinn og farðinn náttúrulegur. Birta fór í leiðangur og fann flíkur sem líkjast þeim er Cameron klæðist.



Armband á 347 krónur og eyrnalokkar á 277 krónur (útsöluverð) úr Ice in a Bucket.  
Hálsmen úr Kiss, gyllta menið kostar 1.490 krónur og það silfraða 1.290 krónur.  
Diesel-gallabuxur úr Sautján á 7.194 krónur (útsöluverð).  
Aðsniðinn jakki úr Warehouse á 6.930 krónur (útsöluverð).  
Gylltir skór með semalúststeinum á 9.995 krónur í Steinari Waage.  
Hvítur bolur úr Next á 1.494 krónur (útsöluverð).



# ÚTSALA

**30% afsláttur**  
af völdum vörum



Týr, barnaúlpa 92-116 cm

~~9.800 kr.~~

**6.860** kr.



Kjölur, skíðaúlpa

~~11.990 kr.~~

**8.393** kr.



Súlur, flíspeysa

~~9.990 kr.~~

**6.993** kr.



Týr, barnaskíðabuxur 92-116 cm

~~8.990 kr.~~

**6.230** kr.



Vík, Powerstretch, dömujakki

~~8.990 kr.~~

**6.293** kr.



Lundi, ungbarnahúfa

~~950 kr.~~

**665** kr.



Kría, ungbarnaffís galli

~~3.950 kr.~~

**2.765** kr.

[www.66north.is](http://www.66north.is)

REYKJAVÍK: Kringlan - Bankastræti 5 - Faxafen 12  
GARÐABÆR: Miðhraun 11 - Akureyri: Glerárgata 32

Klæddu þig vel







» MÆÐGIN

## Finnst skemmtilegast að kubba saman

Mæðginin Kolbrún Björnsdóttir fréttakona og Arnór Blær Gíslason eru mjög samrýmd enda eiga þau afmæli sama dag. Þeim finnst best að vera heima og hafa það notalegt.

